



Grunnteikning GRT1A05

Námsáætlun, haustönn 2023

Kennarar:

Ingvi Pétursson
Markús G Sveinbjarnarson
Guðmundur Hermann Salbergsson

Netföng:

ingvi.petursson@borgo.is
markus.sveinbjarnarson@borgo.is
guðmundur.salbergsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrra efnisþætti er fjallað um fallmyndun og þeim seinni ásmyndun og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum.
- lestri og gerð einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga.
- fríhendisteikningu.
- skipulagningu, áritun og frágangi einfaldra tæknilegra teikninga og því hvernig miðla má upplýsingum á skilvirkan hátt.
- hornréttum fallmyndum ásamt sneiðmyndum af einföldum hlutum.
- þeim tölvuforritum sem notuð eru við gerð tæknilegra teikninga.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja vinnublað, árita með teikniskrift og ganga frá einföldum vinnuteikningum skv. reglum, stöðlum og venjum.
- nota teikni- og mæliáhöld.
- ganga frá teikningum með þar til gerðum tölvuforritum.
- beita grunnverkfærum teiknifræða og sé þannig undirbúinn fyrir frekara nám í greininni.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- teikna ásmyndir (fram-skámyndir með 0° - 90° - 45° áshalla, ofan-skámyndir með 60° - 90° - 30° áshalla og/eða samkvarða-myndir með 30° - 90° - 30° áshalla) af einföldum hlutum, skv. reglum, stöðlum og venjum, þannig að vinna megi eftir þeim. Þetta er metið með verkefnum og prófum.
- teikna ásmyndir (fram-skámyndir, ofan-skámyndir og/eða samkvarða-myndir) fríhendis á auð vinnublöð af einföldum hlutum skv. reglum, stöðlum og venjum, þannig að vinna megi eftir þeim sem metið er með verkefnum og prófum.
- skipuleggja vinnublað, málsetja, árita með teikniskrift og ganga frá ásmyndum skv. reglum, stöðlum og venjum, þannig að vinna megi eftir þeim. Metið með verkefnum og prófum.
- gera vinnuteikningar með hefðbundnum teikniáhöldum og tölvuforritum af einföldum hlutum með hornréttum fallmyndum og sneiðmyndum ásamt málsetningum í tilteknum mælikvarða, skv. reglum, stöðlum og venjum. Metið með verkefnum og prófum.



Grunnteikning GRT1A05 Námsáætlun haustönn 2023

Námsmat:

Námsmat 1 gildir 60%:

- Verkefnamappan er 50% (90% skilaskylda er á 88 verkefnum úr verkefnamöppunni)
- Frágangur er 10%

ATH að fjöldi skilaverkefna gildir miklu um einkunnina!!!

Námsmat 2 gildir 40%:

- Símat 1 er 20% - Fallmyndir og fríhendingsteikning
- Símat 2 er 20% - Skurðarmyndir og málsetning

Samtals 100%

- Nemandi verður að taka bæði símatsverkefnin til að ná áfanganum
- Nemandi þarf að ná einkunninni 5 fyrir verkefnamöppuna og líka fyrir símötin (meðaltalið úr báðum prófunum)
- Ef nemandi skilar ekki teiknimöppu fullunninni (er gefinn einkunninn 0) og telst hann þá fallinn í áfanganum þó að hann nái prófum.
- Skilaskylda er á sérmerktum verkefnum í verkefnamöppunni (sjá í verkefnalista)
- Mætingaskylda samkvæmt skólareglum BHS

Námsgögn:

- Kennslubók með verkefnum: Grunnteikning fyrir málm og bíla.
- 1 stk horn 45° milli stærð
- Vandaður hringfari
- Vandaðir teikniblýantar 0,5mm (blý) HB og 2H.
- Strokleður.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Námstilhögun: Fyrir hverjar 5 einingar í áfanga liggja að baki u.þ.b 104 klst í vinnu nemenda.

Nemendur munu vinna verkefni í tímum sem og utan þeirra.

Námsefnið er umfangsmikið og því nauðsynlegt að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og námsaga. Áfanginn er kenndur í einni lotu á þremur vikum, fjórar kennslustundir á dag. Gert er ráð fyrir tveimur til þremur tímum á dag í nám utan kennslustunda.

- **Mikilvægt er að vanda vinnubrögð og halda námsáætlun**
- **Afar mikilvægt er að nemendur kaupi öll nauðsynleg námsgögn strax í upphafi annar.**



Grunnteikning GRT1A05

Námsáætlun haustönn 2023

Vika	Dagur	Námsþættir	Tíma fj.	Námsþættir / Heimanám	Tíma fj.
1	1	Verkefni 1-3 Teikniskrift Verkefni 1- 7 Fallmyndun	4	Verkefni 1-3 Teikniskrift Verkefni 1- 7 Fallmyndun	3
12.-18. sept	2	Verkefni 8 – 14 fallmyndun	4	Verkefni 8 – 14 fallmyndun	3
	3	Verkefni 15 - 24 fallmyndun	4	Verkefni 15 - 24 fallmyndun	3
	4	Verkefni 25 – 30 fallmyndun.	4	Verkefni 25 – 30 fallmyndun.	3
	5	Verkefni 31-36 fallmyndun	4	Verkefni 31-36 fallmyndun	3
2	6	Verkefni 37-40 fallmyndun Símat 1	4	Verkefni 37-40 fallmyndun	3
19.-25. sept	7	Fríhendisteikning Verkefni 1 - 6	4	Fríhendisteikning Verkefni 1 - 6	3
	8	fríhendisteikning Verkefni 7 –13	4	fríhendisteikning Verkefni 7 –13	3
	9	fríhendisteikning Verkefni 14 – 19 Símat 1	4	fríhendisteikning Verkefni 14 – 19	3
	10	Seinni hluti fallmyndun Verkefni 41 - 45	4	Seinni hluti fallmyndun Verkefni 41 - 45	3
3	11	Verkefni 46 – 50 fallmyndun	4	Verkefni 46 – 50 fallmyndun	3
26.sept - 2.okt	12	Verkefni 51 – 55 fallmyndun	4	Verkefni 51 – 55 fallmyndun	3
	13	Verkefni 56 - 59 fallmyndun	4	Verkefni 56 - 59 fallmyndun	3
	14	Verkefni 60 – 63 fallmyndun Símat 2	4	Verkefni 60 – 63 fallmyndun	3
	15	Verkefni 64 – 66 fallmyndun Lokaskil á verkefnum	4	Verkefni 64 – 66 fallmyndun Lokaskil á verkefnum	2
		Samtals kennslustundir	60	Samtals heimavinna	44
		Samtals vinnustundir á önn	104		

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Einkunnamat á næstu síðu



Grunnteikning GRT1A05 Námsáætlun haustönn 2023

Einkunnamat (verkefni samþykkt af kennara)

88 verkefnaskil = 10 (slæmur frágangur á verkefnum getur dregið einkunn niður um 15%)

86 - 87 verkefnaskil = 9 (slæmur frágangur á verkefnum getur dregið einkunn niður um 15%)

84 – 85 verkefnaskil = 8 (slæmur frágangur á verkefnum getur dregið einkunn niður um 15%)

81 – 83 verkefnaskil = 7 (slæmur frágangur á verkefnum getur dregið einkunn niður um 15%)

78 – 81 verkefnaskil = 6 (slæmur frágangur á verkefnum getur dregið einkunn niður um 15%)

77 verkefnaskil = 5 (slæmur frágangur á verkefnum getur dregið einkunn niður um 15%)

63 - 76 verkefnaskil = 4 47 – 62 verkefnaskil = 3 16 – 46 verkefnaskil = 2

0 – 15 verkefnaskil = 1

ATH: lágmarksskil eru 77 samþykkt verkefni til að ná áfanganum